

Fundargerð 121. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 11. september kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamállum, sem ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson tók þátt í fundinum í gegnum Skype.

Margrét Halldórsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Efling ungmennaráða 2019-2020 - 1907014SA

Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, tók þátt í þessum fundarlið í gegnum Skype.

Í stefnumörkun sambandsins, lið 3.5.19, kemur fram að sambandið skuli styðja sveitarfélög í að koma á fót ungmennaráðum og samstarfsvettvangi fyrir þau á landsvísu. Sambandið hefur hvatt sveitarfélögin til að stofna ungmennaráð og kallar stjórn sambandsins eftir því að sambandið beiti sér frekar í því að efla ungmennaráð sveitarfélaga. Í undirbúningi skólaþings hefur m.a. verið leitað sjónarmiða ungmennaráða.

VRH greindi frá aðkomu sambandsins sl. ár að eflingu ungmennaráða. Fram kom að sambandið tók saman skýrslu um starfsemi ungmennaráða 2012. Einnig hefur sambandið komið að ýmsum ráðstefnum fyrir ungmennaráð og vakið athygli sveitarfélaga á handbók sem unnin var af ungmennaráðum á Suðurlandi og SASS gaf [úthttp://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2018/05/Handbók-ungmennaráða-lokaafurð-2.pdf](http://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2018/05/Handbók-ungmennaráða-lokaafurð-2.pdf). Starfsmaður sambandsins hefur sótt ungmennaráðs ráðstefnur UMFÍ og í starfsáætlun sambandsins er gert ráð fyrir að stjórn fundi með ungmennaráðum. Því verkefni hefur þó verið frestað til ársins 2020 þar sem undirbúa þarf þann fund vel í samvinnu við ungt fólk og stjórnarmenn.

Fræðslumálanefnd mælist til þess að sambandið veki athygli á handbók SASS um ungmennaráð og starfi fleiri sveitarfélaga á þessum vettvangi, sem gæti orðið öðrum hvatning. Rætt var um að hvetja landshlutasamtök til svæðisbundinna funda ungmennaráða. Þá mætti athuga með að setja upp viðmið um skilvirkt verklag í samráði við ungmennaráðin til stuðnings bæði fyrir sveitarfélögin sjálf og ungmennin.

2. Skólaþing sveitarfélaga 2019 - 1905025SA

Drög að dagskrá Skólaþings sveitarfélaga, sem haldið verður 4. nóvember 2019, lögð fram til kynningar og umfjöllunar.

Dagskrárdrögin fengu góðar undirtektir fræðslumálanefndar og mun skólamálafulltrúi vinna þau áfram á grundvelli ábendinga hennar, m.a. er viðkemur áherslum í hópavinnu á þinginu.

3. Dagforeldrar af erlendum uppruna - námsefni - 1906022SA

Erindi barst frá Reykjavíkurborg, dagsett 18. júní 2019, þar sem því er beint til sambandsins að það leiði vinnu við þýðingu á grunnnámskeiði vegna daggæslu yfir á ensku og pólsku í samstarfi við félagsmálaráðuneyti og borgina. Fundað var með fulltrúum borgarinnar og ráðuneytis 23. ágúst sl. Annar fundur er fyrirhugaður á næstunni.

Til að vinna að bættu vinnuumhverfi fyrir alla þá sem koma að daggæslu í heimahúsum og tryggja öryggi barna telur fræðslumálanefnd forgagnsatriði að lokið verði endurskoðun á reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, sem hófst í byrjun árs 2016. Hún kveði m.a. á um ábyrgð og skyldur dagforeldra varðandi hæfnikröfur og nauðsynlega þekkingu.

4. TALIS 2018 - starfshættir og viðhorf kennara og skólastjórnenda á unglingastigi grunnskóla - 1907013SA

Gústaf Adolf Skúlason, Kolfinna Jóhannesdóttir og Ragnar Ólafsson frá Menntamálastofnun komu á fund fræðslumálanefndar og fóru yfir niðurstöður TALIS 2018.

TALIS rannsóknin (Teaching and Learning International Survey) fór fram í þriðja sinn í fyrra, 2018. Um er að ræða rannsókn á vegnum OECD á starfsháttum og viðhorfum kennara og skólastjórnenda á unglingastigi grunnskóla. Meðal markmiða rannsóknarinnar er að safna sambærilegum gögnum um menntakerfi þátttökulanda um námsumhverfi og starfsaðstæður í skólum á unglingastigi.

Fræðslumálanefnd gerði góðan róm að ítarlegri kynningu MMS á niðurstöðum TALIS 2018 og lagði áherslu á mikilvægi þess að stofnunin fengi svigrúm til þess að greina betur einstaka niðurstöður svo þær mættu m.a. nýtast inn í nýja stefnu menntamálaráðherra í menntamálum til 203. MMS mun fljótlega boða til fundar með hagsmunaðilum um frekari úrvinnslu, greiningu og miðlun TALIS-gagna um skólakerfið.

5. Tvöföld skólavist barns í leik- eða grunnskóla - 1908026SA

Salvör Nordal og Guðríður Bolladóttir frá Umboðsmanni barna, María Júlía Rúnarsdóttir, löglærður fulltrúi sýslumanns og Þórdís Rúnarsdóttir, sérfræðingur í málefnum barna frá Sýslumannsembættinu á Höfuðborgarsvæðinu og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsmálafulltrúi sambandsins voru gestir fræðslumálanefndar undir þessum fundarlið.

Sambandinu hafa að undanfögnu borist fyrirspurnir frá sveitarfélögum í tengslum við beiðnir foreldra, sem fara með sameiginlega forsjá barna sinna við skilnað, um að börnin stundi nám í tveimur grunnskólum samtímis. Sambandið vann leiðbeinandi álit árið 2013 vegna tvöfaldrar leikskólavistar. Talin er ástæða til þess

að taka málið upp að nýju m.a. í ljósi ákvæðis um skipta búsetu barns í frumvarpi til laga um breytingar á barnalögum sem dómsmálaráðherra mælir fyrir á haustþingi.

Fram kom að fræðslufirvöld sveitarfélaga hafa hafnað umsóknnum um tvöfalda leikskólavist á grundvelli leibeinandi viðmiða sambandsins frá árinu 2013. Sambærilegt álit liggur ekki fyrir varðandi grunnskólann.

Fræðslumálanefnd lagði til að sambandið sendi sveitarfélögum fyrirbyggjandi viðmið varðandi tvöfalda leikskólavist frá árinu 2013 og jafnframt yrði gerð grein fyrriafstöðu þess til tvöfaldrar grunnskólavistar að loknu samráði við UB og starfsmenn Sýslumannsembættisins á höfuðborgarsvæðinu. Þá lagði nefndin einnig til að UB yrði sent erindi þar sem óskað væri eftir álit embættisins á tvöfaldri grunnskólavist. Enn fremur var lagt til að málefnið fengi umfjöllun á haustfundi Grunns, félags stjórnenda og starfsfólks á fræðsluskrifstofum og á morgunverðarfundum sambandsins 2020.

6. Skýrsla samráðshóps um samræmd próf - 1811037SA

Starfshópur um samræmd próf skilaði skýrslu til ráðherra í byrjun mars sl. með tillögum að breyttu fyrirkomulagi. Sambandið sendi mennta- og menningarmálaráðherra fyrirspurn 20. ágúst s.l. um opinbera birtingu skýrslunnar. Engin viðbrögð hafa borist frá ráðuneytinu né skýringar á því hvað tefji kynningu og umfjöllun um tillögurnar.

Fræðslumálanefnd leggur til við stjórn sambandsins að beina því til mennta- og menningarmálaráðherra að kynna skýrslu starfshóps um fyrirkomulag samræmdra prófa hið fyrsta svo unnt verði að taka afstöðu til tillagna starfshópsins og fá umræðu um framtíðarfyrirkomulag samræmdra prófa og annars námsmats í grunnskólum m.a. í tengslum við gerð menntastefnu til 2030 sem nú er unnið að í ráðuneytinu.

7. Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni - GERT - 1512029SA

GERT samstarfsverkefninu hefur jafnt og þétt vaxið fiskur um hrygg frá 2012/13 er því var hleypt af stokkunum. Þórður Kristjánsson fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn kynnti það helsta úr starfsemi GERT sl. vetur.

8. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2019 - 1511181SA

Drög að dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem haldin verður 3.-4. október nk., lögð fram til kynningar. Sérstök málstofa verður um velferðar- og fræðslumál með áherslu á fyrirkomulag fjármögnunar.

9. OECD í París með ráðherra - fundur um drög að menntastefnu - 1909004SA

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur boðið með sér fulltrúum er unnið hafa að tillögum um aukna nýliðun meðal kennara á fund með Andreasi Schleicher, yfirmanni menntamála hjá OECD. Að fundi loknum verður ráðherra með vinnufund með íslenska föruneysi sínu. Dagskrá lögð fram til kynningar. Skólamálafulltrúi verður fulltrúi sambandsins á fundinum.

10. The Atlantic Rim Collaborative - fjölþjóðlegir fundir um menntamál - 1608023SA

Fjórði Atlantic Rim (ARC) fundurinn verður haldinn í Wales dagana 12.-15.

september nk. Stofnfundur ARC var haldinn á Íslandi 2016 að frumkvæði Andy Hargreaves og Pasi Sahlberg í samstarfi við þáverandi mrh., Illuga Gunnarsson. Fókus fundarins að þessu sinni er á námsmat og gæði skólakerfa. Dagskrá fundarins lögð fram til kynningar. Skólamálafulltrúi verður fulltrúi sambandsins á fundinum.

Fundi var slitið kl. 15:00

Anna Magnea Hreinsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Skúli Þór Helgason